

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027
Þéttbýlisuppdráttur fyrir Eskifjörð

SKÝRINGAR

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- MÖRK LÓÐA
- MÖRK LÓÐA, BREYNTANLEG (SJÁ SKILMÁLA)
- MÖRK BYGGINGARREITS
- MÖRK AKBRAUTAR
- NÚMER LÓÐAR
- STÆRÐ LÓÐAR
- NÝTINGARHLUTFALL LÓÐAR
(UNDIRSTRIKAD LÁGMARK, YFIRSTRIKAD HÁMARK)
- FJÖLDI HÆÐA
- MÆNISSTEFNA
- ÞEGAR BYGGÐ HÚS
- ÖNNUR ÞEGAR BYGGÐ MANNVIRKI
- SVÆÐI SEM KVÖÐ ER Á VEGNA HOLRÆSA OG AÐKOMU SLÖKKVILIÐS
- AÐKOMUHLIÐ LÓÐAR
- HÆDARLÍNUR

Gildandi deiliskipulag Leiru I, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu Mkv. 1:2000

Deiliskipulag eftir breytingu Mkv. 1:2000

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulag samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins þann 15. ágúst 1996.

Tengsl við aðrar áætlanir:

Breytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 – 2027. Breytingin er innan svæðis A2, I1 og H1. Nánari lýsing á svæðunum má finna í kafla 9.3.5 Athafnasvæði, kafla 9.3.6 Iðnaðarsvæði og kafla 9.3.7 Hafnarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin

Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á uppsjávarvinnslu og frystigeymslu. Breytingar á uppdrætti eru eftirfarandi:

- Lóðir við Leirukrók 5, 7, 9, 11, 14, 16 og 18 verða sameinaðar í eina stóra lóð sem eftir sameiningu verður að Leirubakka 4. Lóðin verður 23.601 m² að stærð og nýtingarhlutfall skal að hámarki vera 0.65.
- Leirukrókur 12 minnkar og mun hluti af lóðinni sameinast Leirukrók 10.
- Lóð nr. 12 verður 2091.6 m² og með hámarks nýtingarhlutfall 0,4 og lágmarks nýtingarhlutfall 0,2.
- Leirukrókur 10 stækkar úr 1119,9 m² í 2240 m². Hámarks nýtingarhlutfall 0,4 og lágmarks nýtingarhlutfall 0,2. Á lóðinni skal gera ráð fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi (gámavöllur).
- Götunni Leirukrók verður skipt upp og gatan gerð að tveimur botngötum. Syðri hlutinn mun sameinast Leirubakka.
- Vegna gatnabreytinga mun Leirukrókur 11A (spennistöð) verða að Leirubakka 2 og Leirukrókur 20 verður Leirubakki 3.
- Kvöð verður vegna holræsa á Leirukrók 12 og kvöð vegna holræsa og aðkomu slökkviliðs á Leirubakka 4.
- Nýjar lóðir við Leirubakka 5 og 7. Nýtingarhlutfall skal að lágmarki vera 0,3 og að hámarki 0,8.
- Mörk deiliskipulagsins breytast í suðri vegna lóða nr. 5 og 7 við Leirubakka.

Gerð er breyting á texta í kafla 4 Húsagerðir. Fyrir breytingu er textinn í greinargerð eftirfarandi:

"Vegghæð einnar hæðar húsa skal að öllu jöfnu vera minni en 4.5 metrar og tveggja hæða húsa minni en 6 m, mælt frá endanlegu gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks."

Eftirfarandi setningar bætast við sem eiga eingöngu við um Leirubakka 4:

„Á lóð Leirubakka 4 skal vegghæð húsa að öllu jöfnu vera minni en 15 metrar á langhliðum, mælt frá endanlegu

gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks. Þakhalli húsa á lóð Leirubakka 4, skal vera frá 1:8 upp í 1:2."

Eftirfarandi setning bætist við sem á eingöngu við um Leirubakka 5 og 7:

„Á lóðum Leirubakka 5 og 7 skal vegghæð húsa að öllu jöfnu vera minni en 10 metrar á langhliðum, mælt frá endanlegu gólfi og í skurðpunkt ysta byrðis veggja og þaks."

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

SAMÞYKKTIR


Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 10.12.15 til 21.01.16

var samþykkt í eigna- skipulags- og umhverfisnefnd þann 25.01.2016

og í bæjarstjórn þann 04.02.2016


(undirskrift)

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____


(undirskrift)

Breytingar gerðar eftir auglýsingu:
Ný lóð skilgreind við Leirubakka 5 - hreinsi- og dælustöð fráveitu
Ný lóð skilgreind við Leirubakka 7 - hreinsi- og sjódælustöð
Kvaðir vegna aðkomu slökkviliðs



FJARÐABYGGÐ - ESKIFJÖRÐUR

LEIRA I
DEILISKIPULAG IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐIS
SUNNAN STRANDGÖTU

Breyting á deiliskipulagi		V05	
Deiliskipulag, breyting dgr.	Máskvæð 1:2000	Blaðstærð A3	Talning nr. 001
Utlit yfir Eskju hf	Dagur 04.02.2016	Talning af PRS	